

Nd.

188. Breytingartillögur

við frumvarp til laga um vörugjald.

Frá meiri hluta nefndarinnar.

1. Í stað: »vörugjald« í fyrirsögninni komi: verðtoll.
2. Aftan við 1. gr. bætist ný málsgrein svo hljóðandi:
Undanþegið verðtolti er, heimilismunir manna, er flytja vistferlum til landsins, vanalegur farangur ferðamanna og bækur og blöð.
3. 2. gr. orðist svo:
Tollinn skal ákveða eftir kaupreikningi (faktura), er ávalt fylgi vörusendingu hverri, enda sje höfð hliðsjón af vöruskrá skips, tilvísunarbrjefum og öðrum skipsskjölum, og viðtakandi skyldur að láta tollheimtumanni í tje drengskapar og samviskuvottorð um vöruna. Tollheimtumanni er heimilt að skoða verslunarbækur viðtakanda.

4. Við 3. gr., 1. mgr.

Í stað: »sölureikningur« á 3 stöðum komi: kaupreikningur og í stað: »gjaldheimtumaður« komi: tollheimtumaður.

5. Aftan við málsgreinina bætist: nema því að eins, að viðtakandi setji tryggingu, sem tollheimtumaður telur nægja.

Nú kemur kaupreikningur ekki fram, enda viðtakanda ekki sök á því gefandi, og metur tollheimtumaður þá vöruna til verðs, nema viðtakandi æski mats á venjulegan hátt.

Sanni viðtakandi eftir á, að matsverðið sje of hátt, skal endurgreiða honum toll af mismun matsverðs og sannverðs.

6. 2. og 3. mgr. falli burt.

7. 4. gr. orðist svo:

Nú þykir verð á vöru óeðlilega lágt, og skal þá meta vöruna á sama hátt og segir í 3. gr.

Nú reynist verð í kaupreikningi sett of lágt í undandrátarskyni, og greiðir viðtakandi þá þrefaldan toll af upphæð þeirri, er reynt var að draga undan.

8. Eftir 4. gr. komi ný grein, er verði 5. gr. og hljóði svo:

Stjórnarráðið setur nánari reglur um tollheimtuna, og má það meðal annars ákveða, að póstmenn hafi á hendi tollheimtu og reikningsskil fyrir tolli af vörum þeim, sem sendar eru sem póstsendingar.

Stjórnarráðið löggildir umboðsmenn tollheimtumönnum til handa, og skal þess gætt, að þeir fáist ekki við verslun. Stjórnarráðið setur umboðsmönnum erindisbrjef, og skal meðal annars tiltekið í því, hver þóknun þeirra, sje, en hún má vera alt að 1% af tolli þeim, er þeir innheimta. Umboðsmennirnir skulu vinna skriflega eið að sýslan sinni, og sæta ábyrgð samkv. 13. kap. hegningarlaganna fyrir brot á starfskyldum sínum.

9. 5. gr. verði 6. gr.

10. Eftir 6. gr. komi ný grein, er verði 7. gr. og hljóði svo:

Nú sýnir viðtakandi eigi kaupreikning og er það sjálfrátt eða verð reynist of lágt sett í undandrátarskyni, og sætir viðtakandi þá, auk áður-nefndra viðurlaga, alt að 1000 kr. sekt.

11. 6. gr. verði 8. gr.

12. 7. gr. verði 9. gr.